



# Mapegrout Fast-Set

## Hraðharðnandi og -þornandi trefjastyrkt múrblanda með rýrnunarvörn til steinsteypuviðgerða



### HVAR NOTAÐ

Til viðgerða á ytri láréttum og lóðréttum steinveggjum með steypuskemmdum.

### Nokkur dæmi um notkun

- Til að endurnýja mannvirki með steypuskemmdum, súlubrúnir, steinbjálka og svalir sem skemmst hafa af ryði í steypustyrktarjarni.
- Til hraðviðgerða á steinsteypum gólfum iðnfyrirtækja.
- Til að þétta yfirborðssprungur í steypu og múrhúð (í byggingum af öllu tagi).
- Til að slétta með hraði galla í yfirborði steinsteypu, t.d. dældir og rákir á samskeytum, göt eftir klæðningu, opna járnabindingu o.s.frv.
- Til festa saman steypurör.
- Til að gera við skaddaðar brúnir steypuröra.
- Fúgubil í mannvirkjum sem þétta á með **Idrosilex Pronto**.

### TÆKNILEG EINKENNI

**Mapegrout Fast-Set** er tilbúin duftblanda gerð úr sérstökum vökvabindiefnum, völdum fylliefnum, sérstökum íblendiefnum og manngerðum trefjum eftir uppskrift sem þróuð var í rannsóknarvinnustofum MAPEI.

Þegar vatni er blandað út í **Mapegrout Fast-Set** verður það að auðvinnanlegri múrblöndu með úrvals

samloðunareiginleikum þannig að hægt er að leggja allt að 2-2,5 sm þykkt lag á lóðréttu veggj á þess að blanda renni til.

**Mapegrout Fast-Set** harðnar á 30 mínútum og þolir álag fáum klukkustundum eftir að það var borið á.

Þegar **Mapegrout Fast-Set** hefur náð að harðna, býr það yfir þessum eiginleikum:

- Mikill þrýsti- og sveigjustyrkur;
- hrindir mjög vel frá sér vatni;
- úrvals viðloðun við eldri steinsteypu;
- mikið slitþol.

**Mapegrout Fast-Set** uppfyllir kröfur samkvæmt EN 1504-9 staðli („Vörur og kerfi til verndar og viðgerða á steypumannvirkjum - Skilgreiningar, kröfur, gæðaeftirlit og mat á samræmi - Almennar meginreglur um notkun á vörum og kerfum“) og samkvæmt lágmarkskröfum í EN 1504-3 staðli („Til viðgerða á bæði burðareiningum og öðrum einingum“) fyrir byggingamúrefni af flokki R3.

### RÁÐLEGGINGAR

- Ekki bæta vatni út í blönduna eftir að hún er byrjuð að harðna til að mýkja hana til vinnslu.
- Ekki bæta sementi, kalki, gífsi eða íblendiefnum út í **Mapegrout Fast-Set**.
- Ekki nota **Mapegrout Fast-Set** til viðgerða þar sem

vinna á með múrefnisúðara (notaðu **Mapegrout Thixotropic**).

- Ekki nota **Mapegrout Fast-Set** fyrir nákvæmnisfestingar (notaðu **Mapefill** eða **Mapefill R**).
- Ekki bera **Mapegrout Fast-Set** á þurra eða óhreina yfirborðsfleti.
- Ekki skilja eftir poka með **Mapegrout Fast-Set** óvarða fyrir sólskini fyrir notkun.
- Ekki bera **Mapegrout Fast-Set** á, sé hitastig lægra en +5°C.
- Ekki nota **Mapegrout Fast-Set** hafi pokinn orðið fyrir skemmdum eða verið opnaður áður.
- Eftir að **Mapegrout Fast-Set** er orðið hart, gæti það breytt um lit og því er ekki mælt með notkun þess þar sem um er að ræða lokafrágang yfirborðsflatar.

## LEIÐBEININGAR UM NOTKUN Vinnsla undirlags

**A) Að endurnýja stein sem orðið hefur fyrir steypuskemmdum**

Fjarlægðu alla skemmda og lausa steypu þar til undirlagið er orðið fast, sterkt og gróft. Fjarlægja ætti allar fyrri viðgerðir sem ekki loða fullkomlega fast við. Hreinsaðu allt ryk, ryð, sementsleifar, fitu, olíu og málningu af steinsteypu og bindijárni með sandblæstri eða með því að bursta flötinn vandlega, sé hann ekki mjög stór. Berðu **Mapefer** eða **Mapefer 1K**. Vættu yfirborðið með vatni. Bíddu þar til það vatn sem ofaukið er hefur gufað upp áður en þú berð á **Mapegrout Fast-Set**. Hægt er að nota þrýstiloft, ef með þarf, til að fjarlægja vatn sem ofaukið er. Mælt er með því að ná sem bestri viðloðun með því að bera á með kústi bindiblöndu úr 1 hluta **Mapegrout Fast-Set** í 0,24-0,25 hlutum vatns.

**B) Viðgerðir á steinsteypugólfum**

Fjarlægðu alla skemmda eða lausa steinsteypu. Meitlaðu svo jaðra viðgerðarsvæðisins hornréttu og hreinsaðu allt laust efni af því. Vættu yfirborðsflötinn með vatni. Sé yfirborðsflöturinn sérlega gleypur skaltu bera á hann lag af bindiblöndu úr 1 hluta **Mapegrout Fast-Set** með 0,24-0,25 hlutum vatns til að forðast polla.

## Blandan undirbúin

Á meðan þú hrærir, hellirðu úr 25 kílóa poka af **Mapegrout Fast-Set** í ílát með 3,75-4 lítrum (15-16%) af hreinu vatni og hrærir vel saman með rafmagnshrærivél þar til blandan er orðin einsleit og án kekkja. Þar sem **Mapegrout Fast-Set** er fljótt að harðna skaltu aðeins hræra hæfilega mikið magn til að nota innan 10 mínútna (við +20°C).

## Að bera blönduna á

**A) Að endurnýja stein sem orðið hefur fyrir steypuskemmdum**

Berðu blönduna með floti eða spaða á yfirborð sem nýlega er búið að undirvinna. Hámarks þykkt er 2-2,5 cm á hvert lag. Þegar lagfæra þarf sérlega djúp svæði, skaltu bera á mörg lög af **Mapegrout Fast-Set** með um það bil 15 mínútna millibili. Þegar viðgerðarvinnunni er lokið skaltu halda lagfærðu flötunum rökum í að minnsta kosti 24 klukkustundir.

Hægt er að mála yfir **Mapegrout Fast-Set** með efni úr **Elastocolor** vörulínunni eftir 3 daga við +20°C.

## B) Viðgerðir á steinsteypugólfum

Leggðu **Mapegrout Fast-Set** með spaða á nýlega undirbúinn flöt og farðu yfir hann með múrskeld. Þegar efnið hefur verið lagt þarf að verja viðgerða flötinn fyrir hraðri uppgufun vatns með plasti eða votum pokum.

Hægt er að hleypa léttri umferð á **Mapegrout Fast-Set** eftir um það bil 3 klukkustundir við +20°C.

## VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ UNDIRBÚNING VERKS

Ekki þarf að grípa til neinna sérstakra varúðarráðstafana sé hitastig um það bil +20°C. Sé heitt í veðri má sól ekki skína beint á efnið og nota skal kalt vatn til að hræra blönduna. Sé kaldara í veðri ætti vatnið að vera um það bil. +20°C og efnið ætti að geyma á hituðum svæðum vegna þess að það tekur lengri tíma fyrir það að setjast til og harðna við lágt hitastig.

**ATH:** - Eftir að **Mapegrout Fast-Set** er orðið hart, gæti það breytt um lit og því er ekki mælt með notkun þess þar sem um er að ræða lokafrágang yfirborðsflatar.

## Hreinsun

Áður en **Mapegrout Fast-Set** harðnar er hægt að hreinsa það af verkfærum með vatni. Þegar það hefur harðnað er hægt að skafa það af.

## NOTKUN

18 kg/m<sup>2</sup> á hvern þykktarsentimetra.

## UMBÚÐIR

25 kílóa poka.

## GEYMSLA

Hægt er að geyma **Mapegrout Fast-Set** í allt að 12 mánuði í upprunalegum umbúðum. Varan uppfyllir kröfur samkvæmt Viðauka XVII við Reglugerð (EC) N° 1907/2006 (REACH), lið 47. Varan er fánæg í sérstökum 25 kílóa lofttæmdum pólýetilenpokum sem hægt er að geyma utandyra allan byggingartímann á vinnu-stað. Rigning hefur engin áhrif á eiginleika efnisins.

## ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar [www.mapei.no](http://www.mapei.no) okkar.

## TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

### AUÐKENNI VÖRU

Styrktarflokkur samkvæmt EN 1504-3:	R3
Gerð:	PCC
Samsetning:	duft
Litur:	grár
Hámarks kornastærð (mm):	1
Þéttleiki (kiló/m <sup>3</sup> ):	1.200
Innihald þurrefna (%):	100
Innihald klóríðjóna - lágmarkskrafa ≤ 0,05% - samkvæmt EN 1015-17 (%):	≤ 0,05

### UPPLÝSINGAR UM NOTKUN (við +20°C - 50% loftraka)

Litur blöndu:	grár
Blöndunarhlutfall:	100 hlutar <b>Mapegrout Fast-Set</b> með 15-16 hlutum vatns (um það bil 3,75-4 ltr. á 25 kílóa poka)
Þéttleiki blöndu:	kvikur (thixotropic)
Þéttleiki blöndu (kiló/m <sup>3</sup> ):	2.150
Sýrustig (pH) blöndu:	> 12
Hitastig við notkun:	frá +5°C til +35°C
Endingartími hrærðrar blöndu:	um það bil 10 mínútur
Hörðunartími:	< 30 mínútur
Hörðun fyrir léttu umferð fótgangandi:	2-3 klst.
Biðtími á milli laga:	um það bil 15 mínútur

### ENDANLEG FRAMMISTADA (15,5% íblandað vatn)

Einkenni frammistöðu	Prófunar aðferð	Kröfur samkvæmt EN 1504-3 til múrblöndu í flokki R3	Vara frammistaða
Þrýstistyrkur (MPa):	EN 12190	≥ 25 (eftir 28 daga)	> 10 (eftir 3 klst.) > 20 (eftir 1 dag) > 28 (eftir 7 daga) > 40 (eftir 28 daga)
Sveigjustyrkur (MPa):	EN 196/1	ekki krafist	> 4,0 (eftir 3 klst.) > 4,5 (eftir 1 dag) > 5,0 (eftir 7 daga) > 8,0 (eftir 28 daga)
Teygjanleikastuðull samþjöppunar (GPa):	EN 13412	≥ 15 (eftir 28 daga)	24 (eftir 28 daga)
Viðloðunarstyrkur við steinsteypu (MC 0,40 yfirborðsgerð hlutfall vatns/sements = 0,40) samkvæmt EN 1766 (MPa):	EN 1542	≥ 1,5 (eftir 28 daga)	> 1,5 (eftir 28 daga)
Sogþípufrásog (kiló/m <sup>2</sup> ·h <sup>0,5</sup> ):	EN 13057	≤ 0,5	< 0,05
Hitasamhæfni við frysta/þíða umferð með afisunarsöltum mæld í samræmi við EN 1542 (MPa):	EN 13687/1	≥ 1,5 (eftir 50 umferðir)	> 1,5
Viðbrögð við eldi:	EN 13501-1	Euroclass	A1

# Mapegrout Fast-Set



VARA ÆTLUÐ TIL NOTKUNAR AF  
FAGMÖNNUM.

## VIÐVÖRUN

Jafnvel þótt tæknilegar upplýsingar og ráðleggingar í gagnablaði þessu með vörunni séu í samræmi við okkar bestu þekkingu og reynslu, ber að taka öllum ofangreindum upplýsingum sem leiðbeinandi eingöngu og á grundvelli hagnýtrar notkunar til langs tíma lítið. Þar af leiðandi þarf hver sá sem hyggst nota vöruna að tryggja sér fyrir fram að hún henti til áætlaðrar notkunar. Notandinn er einn og öllum tilvikum að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum þess að varan sé notuð.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tæknigagnablaðinu sem finna má á vefsetri okkar [www.mapei.no](http://www.mapei.no)

**TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI:**  
*Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en það skjal skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara Mapei er notuð. Til að nálgast nýjustu tækniblöð og upplýsingar varðandi ábyrgð, vinsamlegast heimsækið heimasíðu okkar á [www.mapei.no](http://www.mapei.no)  
**ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA ÚR ÞESSU ÖRYGGISBLAÐI MUNU ÓGILDA ALLA TENGDA ÁBYRGÐ MAPEI.***

**Hægt er að biðja um allar viðeigandi upplýsingar um vöruna og nálgast þær á [www.mapei.no](http://www.mapei.no)**

